

Ed.

35. Frumvarp til laga

[35. mál]

um breyting á íþróttalögum, nr. 49 7. apríl 1956.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Karl Kristjánsson, Ásgeir Bjarnason, Hermann Jónasson, Ólafur Jóhannesson, Helgi Bergs.

1. gr.

Á eftir 4. gr. komi 5 nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. (5. gr.) Landinu skal skipt í íþróttaumdæmi, og skal miða skiptinguna við landsfjórðunga. Í hverju íþróttaumdæmi starfar íþróttanámsstjóri. Hann skal ráðinn af menntamálaráðuneyti til þriggja ára í senn að fengnum tillögum íþróttanefndar.
- b. (6. gr.) Íþróttafulltrúi hefur umsjón með starfi íþróttanámsstjóra.
- c. (7. gr.) Íþróttanámsstjóri skal hafa lokið prófi frá Íþróttakennaraskóla Íslands eða hlotið menntun, sem jafngildir því, að dómi ráðherra.
- d. (8. gr.) Íþróttanámsstjóri skal hafa á hendi þessi störf:
 1. Að vera íþróttafulltrúa og íþróttanefnd til aðstoðar um stjórn og framkvæmd íþróttamála í íþróttaumdæminu.
 2. Að efla frjálsa íþróttastarfsemi og veita íþróttafélögum og einstaklingum aðstoð og leiðbeiningar um íþróttamál.
 3. Að hafa eftirlit með íþróttanámi í skólum og vinna að því að gera það sem fjölbreyttast.
 4. Að leitast við að efla hollt félagsstarf og reglusemi æskufólks.
- e. (9. gr.) Laun íþróttanámsstjóra greiðast úr ríkissjóði, og skal ákveða þau samkvæmt lögum nr. 55 28. apríl 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með íþróttalögunum 1940 var stigið stórt skref og heillaríkt á sviði uppeldismála. Tilgangur íþróttalaganna er að auka heilbrigði manna og hreysti, líkamsfegurð, vinnuþrek og táp. Síðan íþróttalögin voru sett, hafa verið gerð með fjárhagslegum stuðningi íþróttasjóðs margs konar íþróttamannvirki. Við það hafa skilyrði til íþróttaiðkana batnað að miklum mun. Kostað er kapps um að miða húsnæði skólanna við það, að nemendum gefist kostur á íþróttanámi, enda hefur sund verið gert að skyldunámi unglinga, svo og fleiri íþróttir. Af hinu almenna íþróttanámi sprettur áhugi og þjálfun þeirra, er fram úr skara og unnið hafa íþróttaafræk á undanfórnum árum, bæði á innlendum og erlendum vettvangi.

Íþróttir auka vissulega heilbrigði og táp hinnar ungu kynslóðar. Atvinnuhættir þjóðarinnar taka breytingum, þannig að þeim mönnum fjölga sífellt, er vinna innanhúss, annaðhvort þjónustustörf, skrifstofustörf eða við iðnað, en þeir verða æ færri í hlutfalli við fólksfjölda, er hafa við störf sín útivist og hreyfingu. Af því leiðir, að íþróttir hafa nú og framvegis mikilvægu og auknu hlutverki að gegna á sviði uppeldis og menntunar þjóðarinnar og að þær þarf að efla.

Samkvæmt íþróttalögunum er stjórn íþróttamála falin íþróttafulltrúa og íþróttanefnd með yfirmsjón menntamálaráðuneytis. Til þess hafa valizt áhugasamir menn, og hefur starf þeirra þegar borið góðan árangur. En á sviði íþróttá eins og annarra kennslumála er ekki um það að ræða að ná lokamarki í eitt skipti. Í þeim efnum þarf að vera samfelld þróun, þar sem hæfilegt tillit sé tekið til breytinga á þjóðlífinu og þess jafnan gætt að veita uppvaðandi kynslóð sem bezta aðstöðu til menntunar og þroska.

Með aukinni íþróttastarfsemi og vaxandi fólksfjölda verður það fullt starf fyrir íþróttafulltrúa að hafa á hendi stjórn íþróttamála. Að dómi flm. er rétt að ráða til starfa menn með sérþekkingu á íþróttum, einn í hverjum landsfjórðungi, er gegni þar námsstjórastarfi í þeirri grein með umsjá og eftir nánari fyrirmælum íþróttafulltrúa.

Íþróttanámsstjóri mundi veita íþróttafulltrúa og íþróttanefnd aðstoð við stjórn og framkvæmd íþróttamála í umdæminu, þar sem hann starfar og er búsettur. Starf hans ætti og að vera í því fólgið að efla frjálsa íþróttastarfsemi og veita íþróttafélögum og einstaklingum aðstoð og leiðbeiningar við íþróttaiðkanir. Hann ætti einnig að hafa eftirlit með íþróttanámi í skólum og vinna að því að gera það sem fjölbreyttast og vera í hvívetna forustumaður íþróttamála á sínu svæði.

Áfengisnautn fer vaxandi með þjóðinni og hefur í för með sér margvisleg vandamál. Ekki er þess að vænta, að ein ráðstöfun eða aðferð reynist fullnægjandi til þess að koma í veg fyrir áfengisnautn æskufólks. En íþróttaiðkanir hafa mikil áhrif og góð í því efni. Íþróttamaðurinn, sem stefnir að því að auka hreysti sína, vinnuþrek og táp, á ekki samleið með þeim, er oft neytir áfengis. Alkunnugt er, að félagsskapurinn, sem æskumaðurinn tekur þátt í, er áhrifaríkur. Samkvæmt frv. ber íþróttanámsstjóra að leitast við að efla hollt félagsstarf og reglusemi æskufólks. Flm. telja, að það geti samrýmzt öðrum störfum hans og að af því megi vænta góðs árangurs.